

Fundargerð

1. Almennar upplýsingar

- 1.1. **Heiti verkefnis:** Blástur og tengingar á ljósleiðarakerfi Leiðarljóss í Kjós
- 1.2. **Dagsetning:** 19.3.2019 **Fundartími:** 11:00 – 12:00
- 1.3. **Staður:** Ásgarður í Kjós
- 1.4. **Höfundur:** Guðmundur Daníelsson (GD)
- 1.5. **Mættir:** Guðmundur Daníelsson(GD), Kjartan Ólafsson (KÓ), Eiríkur Sæmundsson (ES), Sigríður Klara Árnadóttir (SKÁ), Karl M. Kristjánsson (KMK), Hákon Gunnarsson (HG)

2. Dagskrá

- 2.1. Verklag vegna viðgerða á rörum
- 2.2. Framgangur verksins
- 2.3. Önnur mál er varðar efni fundarins

3. Umræður

- 3.1. KMK bauð fundarfólk velkomið og fór yfir efni fundar. ES lagði fram útfyllt eyðublöð með þeim viðgerðum sem farið hafa fram. Um er að ræða 24 aðgerðir, þar af niðurstæðing á tveimur auka tengibrúnum. Ekki eru gerðar athugasemdir við þau gögn sem lögð eru fram. KÓ fer yfir skjölina og samþykkir eftir atvikum eða gerir athugasemdir ef við á, f.h. verkkaupa.
- 3.2. GD fór yfir þau atriði í útboðsgögnum sem snúa að prófun röra og blæstri strengja. Sú aðferð sem beitt er við prófun röra getur verið hagkvæm fyrir verktaka og verkkaupa, og aukið verkhraða, svo fremi sem hagsmuna beggja sé gætt.
- 3.3. KMK og GD lögðu til að eyðublaðið yrði hér eftir fyllt út jafnóðum og viðgerðir eiga sér stað, það auki líkur á sameiginlegum skilningi á umfangi hvernar viðgerðar og á þann hátt hefur verkkaupi, á hverjum tíma, betri yfirsýn yfir umfang viðgerða.
- 3.4. Farið yfir framgang verksins og endurnýjaða verkáætlun. SKÁ óskaði eftir því að allt kapp yrði lagt á að klára verkefnið í apríl. GD óskaði eftir því að mælingar fyrir hvern áfanga fyrir sig færu fram í beinu framhaldi af verklokum hvers áfanga fyrir sig. ES samþykkti þessa breytingu og uppfærir verkáætlun og sendir. HG fór yfir stöðu á blæstri strengja. Allir stofnstrengir eru komnir í rör að undanskildum kaflanum Hjarðarholti að Stangarholti. Unnið er að uppsetningu á tengiboxum á heimilum og blæstri á heimtaugum.
- 3.5. Fleira ekki rætt. Næsti verkfundur ákveðinn þriðjudaginn 26. mars klukkan 11:00

4. Niðurstaða / Næstu skref

- 4.1. KÓ fer yfir framlögð gögn vegna viðgerða og aðgerða og samþykkir f.h. verkkaupa.
- 4.2. ES færir mælingar að verklokum hvers áfanga í verkáætlun og sendir.